



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

OPINBER HEIMSÓKN TIL ÞÝSKALANDS

FUNDIR MEÐ FORSETA, KANSLARA, ÞINGFORSETA OG FORSÆTISRÁÐHERRUM BREMEN OG SAXLANDS

MÁLÞING UM NORÐURSLÓÐIR, ORKUNÝTINGU, FISKVEIÐAR, UPPLÝSINGATÆKNI OG MENNINGU

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson verður í næstu viku í opinberri heimsókn í Þýskalandi í boði forseta Þýskalands, Joachim Gauck. Auk forseta og forsetafrúar Dorrit Moussaieff verða Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra, embættismenn utanríkisráðuneytisins og forsetaskrifstofu og fulltrúar vísinda, tækni, atvinnulífs og menningar með í för. Heimsóknin hefst í Berlín mánudaginn 24. júní og lýkur í Leipzig föstudaginn 28. júní.

Að lokinni móttökuathöfn við forsetahöllina í Berlín mun forseti eiga fund með forseta Þýskalands sem sama dag býður til hátíðarkvöldverðar til heiðurs forseta Íslands. Að morgni miðvikudagsins 26. júní munu forseti Íslands og utanríkisráðherra eiga fund með Angelu Merkel kanslara og daginn áður fund með Norbert Lammert, forseta Sambandsþingsins.

Í Berlín verður haldið málþing um orkumál, einkum nýtingu jarðhita í Þýskalandi og víðar í Evrópu, og á mánudagskvöldið verða samræður um íslenska menningu í verkstöð Ólafs Elíassonar.

Í heimsókn forseta til Þýskalands verða einnig haldnir fundir og málþing um upplýsingatækni, Norðurslóðir, sjálfbærar fiskveiðar og

nýtingu sjávarafla. Forseti mun heimsækja Humboldt háskólann og halda fyrirlestur um samspil lýðræðis og markaðar í Háskólanum í Leipzig. Þá verða á dagskránni ýmsir atburðir tengdir frumkvöðlum í íslenskum bókmenntum og tónlist sem á sínum tíma dvöldu í Þýskalandi.

Í Bremen verða viðræður við yfirvöld hafnarinnar um framtíð siglinga á Norðurslóðum og viðræður við sérfræðinga Alfred-Wegener heimskautastofnunarinnar.

Ítarleg dagskrá heimsóknarinnar með tímasetningum verður send fjölmiðlum síðar í vikunni.

19. júní 2013

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).